

Reglugerð nr. 31.2 um Meistaramót Íslands í fjölþrautum, innanhúss

1. Keppnis dagar

1. Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.
2. Mótið má framkvæma samhliða öðrum mótum.

2. Keppnisgreinar

1. Keppnisgreinar skulu vera sjöþraut karla og fimmtarþraut kvenna.
 - a. Greinar sjöþrautar eru í samræmi við reglur WA þ.e., á fyrri degi, 60m hlaup, langstökk, kúluvarp og hástökk. Á seinni degi, 60m grind, stangarstökk og 1000m hlaup.
 - b. Greinar fimmtarþrautar eru í samræmi við reglur WA þ.e., á einum degi, 60m grindahlaup, hástökk, kúluvarp, langstökk og 800m hlaup.
2. Samhliða mótinu fer fram keppni í sjöþraut í flokki 16-17 ára og 18-19 ára pílta, fimmtarþraut í flokki 15 ára pílta og 15 ára, 16-17 ára og 18-19 ára stúlkna. Keppt skal með viðeigandi áhöldum í kúluvarpi og í grindahlaupi skal vera viðeigandi bil og hæð á grindum. Nota má sérstaka röð keppnisgreina í sjöþraut 16-17 ára og 18-19 ára karla, fyrir annan aldurshópinn eða báða, ef búast má við að erfitt verði að framkvæma stangarstökkkeppni mótsins á einum degi.

Þegar þessi heimild er nýtt verður röð greina þessi:

Fyrri dagur: 60 m grindahlaup, stangarstökk, kúluvarp, langstökk.

Seinni dagur: 60 m hlaup, hástökk, 1000 m hlaup.

Þrátt fyrir þessa heimild er mælst til að hún sé aðeins notuð af brynni þörf. Mótshaldari skal með minnst fjögurra daga fyrirvara upplýsa alla hlutaðeigandi um hvort þessi heimild verður nýtt eður ei.

3. Verðlaun

1. Veita skal verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri þraut, gull, silfur og brons, en ekki eru veitt verðlaun fyrir einstaka greinar þrautarinnar.
2. Einungis íslenskur ríkisborgari getur orðið Íslandsmeistari og átt tilkall til verðlauna.
3. Erlend gestapáttaka er heimil.
4. Börn og unglingar með erlent ríkisfang, sem eru yngri en 18 ára, miðað við fæðingardag og hafa dvalarleyfi og lögheimili á Íslandi, skulu hafa keppnisrétt flokkum 15 ára, sem og 16-17 ára.

4. Önnur ákvæði

1. Meistaramót Íslands skal að öllu öðru leyti, en því sem lýst er í greinum 1 - 3, fara fram eftir reglum World Athletics, að undanskildum gr. 25.5. í Sérkeppnisreglum FRÍ um auglýsingar á búningum.
2. Keppendur skulu keppa í sínum félagsbúningi.

Saga

1. Gefið út sem sérstök reglugerð 31.2 samkvæmt samþykkt þings 2024 með breytingum samþykktum á þingi.